

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattasvið  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. júní 2009 02-2009060550  
T-ums 31/09

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum - 114. mál, þskj. 143.**

**I.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 23. júní 2009 móttengið bréf yðar þar sem embættinu er veittur kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum - 114. mál, þskj. 143.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að meginmarkmið þess sé að „*laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar.*“ Í frumvarpinu er mælt fyrir um að launakjör tiltekinna forstöðumanna hlutafélaga í eigu ríkisins verði ákveðin af kjararáði.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu kemur fram að verði frumvarpið að lögum megi gera ráð fyrir að launakostnaður stofnana í A-hluta ríkissjóðs fyrir dagvinnu lækki um allt að 12. m. kr. á ári og að lækkun launakostnaðar annarra aðila sem frumvarpið tekur til gæti orðið allt að 38. m. kr. og er þá ekki lagt mat á afleidd áhrif á mögulega lækkun launa næstæðstu stjórnenda.

**II.**

Frumvarpið miðar að því að samræma laun forstöðumanna stofnana og flytja ákvarðanir um laun forstöðumanna stofnana að öllu leyti til kjararáðs. Með þeim hætti er talið að laun allra forstöðumanna verði samræmd og væntanlega felur samræmið í sér einkum að þau verði öll svipuð að fjárhæð og ákveðin með sama hætti og laun annarra forstöðumanna, m.ö.o. laun forstöðumanna verði öll jafn lág. Tilgangur frumvarpsins er einnig að tryggja að engin laun verði yfir þeirri launafjárhæð sem kjararáð hefur ákvarðað sem laun forsætisráðherra.

Ríkisskattstjóri vill benda á tvennt. Annars vegar eru laun og starfskjör þjóðkjörinna fulltrúa í eðli sínu með öðrum hætti en laun annarra ríkisstarfsmanna er einkum skýrist af ýmsum hlunnindum, svo sem hærri lífeyrisgreiðslum sem ekki hafa sætt sérstakri skattlagningu. Hins vegar að ef frumvarpið verður að lögum myndi hafa í för með sér talsverða lækkun á launum tiltekinna stofnana og fyrirtækja í eigu ríkissjóðs. Það mun jafnframt hafa í för með sér lægri skattlagningu þessara einstaklinga sem þannig myndu skerða tekjur ríkissjóðs enda greiðist lægri skattur af lægri launum.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að taka afstöðu til efnis frumvarpsins enda eru um pólitíska ákvörðun að ræða og fellur efni þess utan við þau verkefni sem ríkisskattstjóra eru falin lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þoróarson